

## Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Katrínu Jakobsdóttur um hvalveiðar og verðmæti hvalkjöts og nýtingu.

1. *Hvaða gögn liggja fyrir um hversu stórum hluta hveðrar veiddrar hrefnu, miðað við þyngd, er að meðaltali kastað í sjó áður en aflanum er landað?*

Ekki er sérstakt eftirlit með því hversu stórum hluta hveðrar veiddrar hrefnu er kastað í sjó áður en aflanum er landað og því liggja ekki fyrir um það nákvæmar tölur. Í vísindaveiðum Hafrannsóknastofnunar árin 2001 til 2007 var hins vegar reiknuð út meðalþyngd hrefnu. Því óskaði ráðuneytið í kjölfar þessarar fyrirspurnar eftir áætlun Hafrannsóknastofnunar á nýtingu hrefnu á árunum 2013 og 2014 miðað við meðalþyngd hrefnu og meðalþyngd sem mælst hefur við vigtun á lönduðum hrefnuafli. Niðurstaða Hafrannsóknastofnunar var sú að ætla mætti að nýtingarhlutfall hrefnu árið 2013 væri að meðaltali 43% og að meðaltali 51% árið 2014.

2. *Hve algengt er að sá hluti hrefnu sem komið er með að landi sé vigtaður eins og skylt er að gera með sjávarafurðir?*

Í hrefnuveiðum skal landaður afli vigtaður í samræmi við reglugerð nr. 224/2006, um vigtun og skráningu sjávarafla.

3. *Eru í gildi reglur um vigtun og skrásetningu á þyngd þess hvalafla sem landað er á Íslandi? Ef ekki, hyggst ráðherra setja slíkar reglur?*

Sjá svar við 2. tölul. fyrirspurnarinnar.

4. *Hve mikið af því hvalkjöti sem flutt hefur verið út á þessu ári og því síðasta hefur verið sent aftur hingað? Hvað er gert við það hvalkjöt sem er sent til baka?*

Ráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá tollstjóra varðandi þessi atriði en hann hefur synjað aðgangi að þessum gögnum á grundvelli 9. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012. Í 9. gr. er kveðið á um takmörkun á upplýsingarétti en þar er mælt fyrir um að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila. Þannig hefur tollstjóri metið það svo að aðflutningsskýrslurnar hafi að geyma viðkvæmar upplýsingar um mikilvæga viðskiptahagsmuni Hvals hf.

Ráðuneytið óskaði einnig eftir upplýsingum við 4. tölul. fyrirspurnarinnar hjá Hvali hf. Í svari Hvals hf. var upplýst að heildarmagn hvalaafurða, sem sendar hafi verið úr landi og komið aftur til baka til Íslands árin 2013 og 2014, hafi samtals verið 169.960 kg. Þá kom fram í svari Hvals hf. að varan úr gámunum hafi við endurkomu til Íslands verið tæmd inn í frystiklefa og beðið þar næsta skips.

5. Hve mörg íslensk fyrirtæki stunduðu hrefnuveiðar á Íslandsmiðum á þessu ári og því síðasta?

Árið 2013 stunduðu þrjú fyrirtæki hrefnuveiðar og árið 2014 stundaði eitt fyrirtæki hrefnuveiðar.

6. Hvert var heildaraflaverðmæti hrefnuveiða hvort ár, hve mörg dýr voru veidd og hvar voru þau veidd?

Opinberar upplýsingar um heildarverðmæti hrefnuveiða liggja ekki fyrir. Ráðuneytið óskaði hins vegar eftir upplýsingum frá hrefnuveiðimönnum um verðmæti hvernar hrefnu við löndun framangreind ár. Í svari hrefnuveiðimanna kemur fram að hver útgerð hafi fengið greitt 1 millj. kr. fyrir hvert landað dýr til vinnslu. Hvað varðar fjölda veiddra dýra á árunum 2013 og 2014 þá voru 35 dýr veidd árið 2013 og 24 dýr árið 2014. Þá má finna upplýsingar um staðsetningar veiddra dýra á hrefnuveiðum 2013 og 2014 í meðfylgjandi töflum og Íslandskorti.

### Staðsetning veiddra dýra á hrefnuveiðum 2013.

Nr. dýrs	Nafn skips	Skipa- skrárn.	Dagsetning	Staðsetning, norðlæg breidd	Staðsetning, vestlæg lengd	Veði- svæði nr.	Einkennis- nr. hrefnu	Lengd Kyn dýrs (m)
1	Hafsteinn SK-3 Hrafnreyður	1850	09.05.2013	64°16,2'	22°32,6'	1	H13-001	kvk. 8,90
2	KÓ-100	1324	17.05.2013	64°19,8'	22°37,4'	1	I13-001	kk. 7,55
3	Hafsteinn SK-3 Hrafnreyður	1850	28.05.2013	63°54,20'	22°46,7'	3	H13-002	kvk. 8,17
3	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	08.06.2013	65°29,0'	21°07,5'	2	I13-002	kvk. 7,9
5	KÓ-100	1324	08.06.2013	65°30,3'	21°07,9'	2	I13-003	kvk. 8
6	Hafsteinn SK-3	1850	12.06.2013	64°06,7'	22°59,7'	1	H13-003	kk. 7,8
7	Hafsteinn SK-3 Hrafnreyður	1850	12.06.2013	64°05,7'	22°49,7'	1	H13-004	kk. 7,8
8	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	17.06.2013	66°00,7'	19°29,5'	2	I13-004	kvk. 8,19
9	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	17.06.2013	66°59,2'	19°28,0'	2	I13-005	kvk. 8,05
10	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	18.06.2013	66°01,3'	19°29,1'	2	I13-006	kvk. 7,95
11	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	18.06.2013	66°01,5'	19°29,5'	2	I13-007	kvk. 8,2
12	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	21.06.2013	66°18,4'	18°51,8'	2	I13-008	kvk. 8,25
13	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	21.06.2013	66°17,7'	18°52,7'	2	I13-009	kvk. 8,15
14	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	22.06.2013	66°24,8'	18°37,1'	2	I13-010	kvk. 8,12
15	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	23.06.2013	66°15,9'	18°34,7'	2	I13-011	kvk. 8,05
16	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	24.06.2013	66°15,4'	18°50,4'	2	I13-012	kvk. 8,42
17	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	24.06.2013	66°13,4'	18°58,2'	2	I13-013	kvk. 6,57
18	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	25.06.2013	66°13,4'	18°56,7'	2	I13-014	kvk. 8,2
19	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	03.07.2013	66°15,5'	18°45,7'	2	I13-015	kvk. 7,74
20	KÓ-100	1324	03.07.2013	66°17,0'	18°47,5'	2	I13-016	kvk. 7,94

Nr. dýrs	Nafn skips	Skipa- skrárn.	Dagsetning	Staðsetning, norðlæg breidd	Staðsetning, vestlæg lengd	Veiði- svæði	Einkennis- nr. hrefnu	Lengd Kyn dýrs (m)
21	Hrafnreyður KÓ-100	1324	08.07.2013	66°17,2'	19°08,8'	2	I13-017	kk. 8,22
22	Hrafnreyður KÓ-100	1324	08.07.2013	66°17,7'	19°08,8'	2	I13-018	kk. 8,3
23	Hrafnreyður KÓ-100	1324	09.07.2013	66°14,7'	18°45,8'	2	I13-019	kvk. 8,16
24	Hrafnreyður KÓ-100	1324	16.07.2013	66°14'	18°41'	2	I13-020	kvk. 7,9
25	Hrafnreyður KÓ-100	1324	19.07.2013	66°09,5'	19°54,5'	2	I13-021	kk. 7,85
26	Halldór Sig- urðsson ÍS 14 Hrafnreyður	1403	23.07.2013	66°04'	22°56'	2	A13001	kvk. 7,70
27	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	28.07.2013	64°13,9'	22°39,2'	1	I13-022	kk. 7,92
28	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	29.07.2013	64°12,7'	22°41,3'	1	I13-023	kk. 7,35
29	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	30.07.2013	64°18,1'	22°27,9'	1	I13-024	kk. 7,60
30	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	12.08.2013	64°14,9'	22°34,8'	1	I13-025	kk. 7,85
31	Halldór Sig- urðsson ÍS 14 Hrafnreyður	1403	12.08.2013	66°04,0'	22°39,0'	2	A13-002	kvk. 8,30
32	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	12.08.2013	64°15,2'	22°36,1'	1	I13-026	kk. 7,75
33	KÓ-100 Hrafnreyður	1324	15.08.2013	64°14,1'	22°34,6'	1	I13-027	kk. 7,55
34	Halldór Sig- urðsson ÍS 14 Hrafnreyður	1403	15.08.2013	66°04,48'	22°40,04'	2	A13-003	kvk. 8,33
35	KÓ-100	1324	20.08.2013	64°13,7'	22°33,2'	1	I13-028	kk. 7,70

#### Staðsetning veiddra dýra á hrefnuveiðum 2014.

Nr. dýrs	Nafn skips	Skipa- skrárn.	Dagsetning	Staðsetning, norðlæg breidd	Staðsetning, vestlæg lengd	Veiði- svæði	Einkennis- nr. hrefnu	Lengd Kyn dýrs (m)
1	Hafsteinn SK-3	1850	30.04.2014	64°18,3'	22°32,4'	1	H14-001	kk. 7,90
2	Hafsteinn SK-3	1850	07.05.2014	64°14,0'	22°34,7'	1	H14-002	kvk. 7,9
3	Hafsteinn SK-3	1850	20.05.2014	64°15,3'	22°34,8'	1	H14-003	kvk. 8,91
4	Hafsteinn SK-3	1850	21.05.2014	64°14,8'	22°35,1'	1	H14-004	kk. 7,54
5	Hafsteinn SK-3	1850	22.05.2014			1	H14-005	
6	Hafsteinn SK-3	1850	22.05.2014	64°14,2'	22°35,0'	1	H14-006	kk. 7,9
7	Hafsteinn SK-3	1850	27.05.2014	64°14,2'	22°35,1'	1	H14-007	kk. 8,05

Nr. dýrs	Nafn skips	Skipa- skrárn.	Dagsetning	Staðsetning, norðlæg breidd,	Staðsetning, vestlæg lengd	Veiði- svæði	Einkennis- nr. hrefnu	Lengd Kyn dýrs (m)
8	Hafsteinn SK-3	1850	27.05.2014	64°13,5'	22°31,5'	1	H14-008	kvk. 8,65
9	Hafsteinn SK-3	1850	02.06.2014	64°20,7'	22°36,4'	1	H14-009	kk. 7,93
10	Hafsteinn SK-3	1850	08.06.2014	64°13,4'	22°32,3'	1	H14-010	kk. 7,9
11	Hafsteinn SK-3	1850	09.06.2014	64°20,2'	22°37,4'	1	H14-011	kvk. 8,8
12	Hafsteinn SK-3	1850	11.06.2014	64°19,7'	22°37,0'	1	H14-012	kk. 8,05
13	Hafsteinn SK-3	1850	21.06.2014	64°13,6'	22°33,7'	1	H14-013	kk. 7,5
14	Hafsteinn SK-3	1850	29.06.2014	64°13,5'	22°33,0'	1	H14-014	kvk. 8,12
15	Hrafnreyður KÓ-100	1324	13.07.2014	64°20,5'	22°35,6'	1	I14-001	kvk. 8,62
16	Hrafnreyður KÓ-100	1324	15.07.2014	64°19,5'	22°33,6'	1	I14-002	kk. 7,95
17	Hrafnreyður KÓ-100	1324	19.07.2014	64°15,9'	22°34,3'	1	I14-003	kk. 8,35
18	Hrafnreyður KÓ-100	1324	20.07.2014	64°16,2'	22°32,1'	1	I14-004	kk. 7,7
19	Hrafnreyður KÓ-100	1324	22.07.2014	64°21,1'	22°37,0'	1	I14-005	kk. 8,01
20	Hrafnreyður KÓ-100	1324	28.08.2014	64°04,5'	22°47,3'	1	I14-006	kk. 8
21	Hrafnreyður KÓ-100	1324	28.08.2014	64°07,0'	22°47,0'	1	I14-007	kk. 7,7
22	Hrafnreyður KÓ-100	1324	30.08.2014	64°03,7'	22°49,8'	1	I14-008	kk. 7,6
23	Hrafnreyður KÓ-100	1324	03.09.2014	64°08,0'	22°48,3'	1	I14-009	kk. 8,5
24	Hrafnreyður KÓ-100	1324	14.10.2014	64°21,9'	22°41,2'	1	I14-010	kvk. 8,75

**Staðsetning veiddra dýra á hrefnuveiðum 2013 og 2014.**